



HRUNAMANNAHREPPUR

49. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

13. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 4. júlí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir og Sigfríð Lárusdóttir í forföllum Herberts Haukssonar, einnig Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 7. fundar frá 18. júní 2024.

Lögð fram fundargerð 7. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

2. Fundargerð 283. fundar skipulagsnefndar frá 26. júní 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. júní sl.

Lögð fram fundargerð 283. fundar skipulagsnefndar frá 26. júní 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. júní sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Mál nr. 27. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. júní sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. júní sl.

3. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 112. fundar stjórnar frá 25. júní 2024.

- Ásamt gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru.

Lögð fram fundargerð 112. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs. ásamt gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru.

Sveitarstjórn telur jákvætt að farið sé að huga að svæðum til afsetningar á seyru. Við þá athugun verður að hafa í huga þann kostnað sem falla mun til vegna lengri aksturs til nýrra svæða miðað við núverandi svæði á Hrunamannafrétti. Það svæði stendur Seyruverkefninu áfram til boða. Sveitarstjórn óskar í framhaldinu eftir kostnaðargreiningu á þeim valkostum sem í könnun eru vegna afsetningarinnar. Fundargerðin er að öðru leyti lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt samhljóða meðfylgjandi gjaldskrá fyrir móttöku og hreinsun á seyru fyrir árið 2024 eins og hún hér er lögð fram.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

4. SASS: Fundargerð aukaaðalfundar frá 7. júní sl.

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

BV
DGS
SB
SC
AEG

5. **Héraðsnefnd Árneseinga bs: Fundargerð 20. fundar framkvæmdastj. frá 21.06. sl.**

Lögð fram fundargerð 20. fundar Héraðsnefndar Árneseinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. **Bergrísinn bs.: Fundargerð 74. stjórnarfundar frá 24. júní sl.**

Lögð fram fundargerð 74. stjórnarfundar Bergrísans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. **Arnardrangur hses.: Fundargerð 14. stjórnarfundar frá 24. júní sl. - Ásamt ársreikningi 2023.**

Lögð fram fundargerð 14. stjórnarfundar Arnardrangs hses. ásamt ársreikningi 2023.

Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

8. **Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 27. júní 2024.**

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu vegna byggingarreitar fyrir íbúðarhúsnæði á lóðinni Ás 2. En þar er fallist á að veitt verði undanþága frá ákvæði d-liðar gr. 5.3.2.5 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er varðar fjarlægð byggingareitar á lóðinni Ás 2, Hrunamannahreppi frá Hrunavegi.

Bréfið er lagt fram til kynningar.

9. **Bréf frá Jafnréttisstofu frá 19. júní 2024.**

Lagt fram bréf frá Jafnréttisstofu þar sem vakin er athygli á ábyrgð og hlutverki sveitarfélaga til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og inntöku barna í leikskóla.

Lagt fram til kynningar um leið og sveitarstjórn vill beina þeim tilmælum til ríkisvaldsins hvort ekki væri rétt að lengja rétt foreldra til launaðs fæðingarorlofs. Ef sveitarfélög eiga ein að brúa þetta bil þá verður ríkisvaldið að stíga inn í með fjárstuðningi til sveitarfélaga sem að öðrum kosti hafa litla fjárhagslega burði til að mæta þeim kostnaði sem dagvistun barna frá 12 mánaða aldri hefur í för með sér. Sveitarstjórn vill í þessu samhengi ítreka að í Hrunamannahreppi eru greiddar heimgreiðslur til foreldra til að brúa bilið frá eins árs aldri og þar til barnið fær boð um leikskólavistun.

10. **Bréf frá Sambandi sunnlenskra kvenna frá 18. júní 2024.**

Lagt fram afrit af bréfi frá Sambandi Sunnlenskra kvenna þar sem óskað er eftir fjárstyrk frá Héraðsnefnd Árneseinga til reksturs sambandsins. Bréfið er sent sveitarstjórnnum á starfsvæðinu til kynningar.

Bréfið er lagt fram til kynningar.

11. **Reglur Bergrísans um húsnæði fyrir fatlað fólk.**

Lagðar fram reglur Bergrísans um húsnæði fyrir fatlað fólk.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða reglur Bergrísans um húsnæði fyrir fatlað fólk.

12. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Næsti fundur verður mánudaginn 8. júlí kl. 16:00. Fyrsti fundur í ágúst fellur niður vegna sumarleyfis. Þar á eftir er næsti fundur sveitarstjórnar á venjubundnum tíma eða 15. ágúst 2024.

DGS



S

AGJ
BV

Mál til kynningar:

13. **Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 949. fundar stjórnar frá 13.6.2024**

Lagt fram til kynningar.

14. **Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 950. fundar stjórnar frá 21.6.2024**

Lagt fram til kynningar.

15. **Veiðifélag Árnesinga: Fundargerð aðalfundar frá 21. mars 2024.**

- **Ásamt bréfi frá Veiðifélagi Stóru-Laxár frá 20. júní 2024.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:24



Doti Geir Samuelsson

Sjálfstjórnarformaður

Alexandra Ros Þjarnar

Byggingarstjóri

Alfheiður